

Ed.

540. Frumvarp til laga

[234. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Fyrsta málsgrein 6. gr. laga nr. 68/1967, orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

2. gr.

7. gr. laga nr. 68/1967, sbr. lög nr. 19/1968 orðist þannig:

Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlandan veiðarfæraiðnað.

Tekjur lánadeildar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Vextir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó öðlast ákvæði 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum um Iðnlánasjóð eru ákvæði þess efnis, að sjóðnum sé heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Nauðsyn ber til þess, vegna vaxandi verkefna sjóðsins, að rýmka þessa heimild. Er lagt til, að tekin verði í lög Iðnlánasjóðs hliðstæð heimildarákvæði til lántöku og nú eru í lögum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Fiskveiðisjóðs.

Um 2. gr.

Á árinu 1967 voru samþykkt lög um stofnun lánadeildar veiðarfæraiðnaðar við Iðnlánasjóð. Til þess að afla lánadeildinni tekna, var ákveðið, að lagt skyldi 1% gjald á tiltekin veiðarfæri við innflutning. Tekjur af gjaldi þessu á árinu 1976 námu 10.9 millj. kr. Ástæður fyrir ákvörðun um stofnun lánadeildar veiðarfæraiðnaðarins, voru erfiðleikar veiðarfæraiðnaðarins í landinu á þessum tímum, og sú ákvörðun að stefna að eflingu hans. Segja má, að það markmið hafi náðst. Meðal annars af þeirri ástæðu hafa lánakjör lánadeildar veiðarfæraiðnaðarins nú síðustu árin verið hliðstæð almennum lánakjörum Iðnlánasjóðs.

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur eindregið lagt til, að umrætt veiðarfæragjald verði nú fellt niður. Hampiðjan h.f. hefur ritað iðnaðarráðuneytinu bréf þar sem mælt er með því, en þó jafnframt lagt til, að lánadeild veiðarfæraiðnaðarins starfi að öðru leyti óbreytt áfram. Þykir rétt að verða við þessum óskum um að fella veiðarfæragjaldið niður og felur frumvarpið það í sér.

Samkvæmt ákvæðum 7. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 19, 5. apríl 1968, var ríkisstjórninni heimilað að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1.5 millj. kr. til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hafði, að mati stjórnar Iðnlánasjóðs, beðið vegna ákvarðana stjórnvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta 1963 og 1964. Þar sem heimildarákvæði þessi hafa verið nýtt, þykir eigi ástæða til að grein þessi haldist lengur í lögum, og er því lagt til að hún falli niður.